



**Menntaskólinn á Egilsstöðum**

**Skýrsla starfshóps um innra mat  
við Menntaskólann á Egilsstöðum  
2022-2023**

**júní 2023**

## Efnisyfirlit

Almennt um starfið .....	2
Áfangamat og fjarnemakönnun .....	3
Dagskólanemar .....	3
Fjarnemakönnun .....	3
Starfsmannakannanir .....	4
Starfsmannapúlsinn.....	4
Stofnun ársins.....	7
Nemendakönnun - Skólapúlsinn .....	7
Jarmið .....	11
Nóvember jarmið – Ferðakönnun – Starfsmenn .....	11
Mars jarmið – Ofbeldi – Nemendur .....	11
Lykilmatsþættir .....	13
Skólabragur og gildi í ME .....	13
Kennsla og nám nemenda .....	14
Vinnustaðurinn ME og rekstur .....	17
Markaðssetning og kynning .....	21
Lokaorð.....	22

## Almennt um starfið

Skólaárið 2022-2023 var að störfum sjö manna nefnd um innra mat Menntaskólans á Egilsstöðum (ME). Hana skipuðu Elín Rán Björnsdóttir, Soffía Ingvarsdóttir, Viðar Örn Hafsteinsson, Dagur Skírni Óðinsson (var fyrri haustspönn en fór svo í leyfi), Marianna Jóhannsdóttir, Bergþóra Arnórsdóttir og Sigríður Klara Sigfúsdóttir sem kom ný inn í nefndina í haust. Viðar Örn tók við verkefnastjórn nefndarinnar af Degi Skírni þegar að hann fór í leyfi. Á skólaárinu voru haldnir 28 fundir og bakvið þá liggja samanlagt 147 vinnustundir. Ótalin er þá vinna mannauðsstjóra við úrvinnslu kannana til kynningar fyrir starfsmenn.

Vinna innra mats (IM) hófst strax á haustdögum líkt og síðustu ár. Fyrsti fundur var haldinn 23.ágúst '22 og sá síðasti 3.mái '23.

Skólinn tók líkt og venjulega þátt í könnuninni um stofnun ársins sem og starfsmannapúlsi sem sendur var út til starfsfólks. Niðurstöður úr þessum könnunum voru nokkuð góðar og hafa niðurstöður verið kynntar fyrir starfsfólki. Skólinn fékk svo verðlaun fyrir stofnun ársins 2022 í flokki meðalstórra stofnana með 40-89 starfsmenn, annað árið í röð.

Á skólaárinu var líka lagt fyrir áfangamat, fjarnemakönnun, skólapúlsinn sem við tókum þátt í árlega ásamt öðrum minni könnunum (Jarm) bæði til nemenda og starfsmanna.

Starfið hjá IM nefndinni gekk vel á árinu sem var með svipuðu móti og áður.

## Áfangamat og fjarnemakönnun


Áfangamat er framkvæmt þriðju hverja spönn. Tilgangur áfangamast er að fá upplýsingar um upplifun nemenda af áföngum sem kenndir eru og að kennarar fái upplýsingar um hvernig nemendur meta stöðu sína í áföngum og gangvart kennslunni. Heildarniðurstöður eru birtar á heimasíðu skólans og kennarar fá niðurstöður úr áföngum sem þeir kenna.

Á þessu skólaári var áfangamat eingöngu lagt fyrir dagskólanema og fór fram á fyrri vörspönn. Ástæða þess að ekki var lagt fyrir áfangamat í fjarnámi er að fjarnemakönnun var lögð fyrir í vor. Samkvæmt áætlun verður áfangamat lagt fyrir 2x á næsta skólaári. Hér verður stiklað á stóru um niðurstöður áfangamats dagskólanema. Heildarniðurstaða úr áfangamatinu er mjög góð.

### Dagskólanemar

Sendar voru út kannanir til dagskólanema í 718 áföngum á fyrri haustspönn og svöruðu 505 matinu, eða 70% sem er aðeins meira en á síðasta árið þegar 67% dagskólanemenda svöruðu fyrri könnuninni en 44% seinni könnuninni sem lagðar voru fyrir á fyrra skólaári.

Niðurstaða úr áfangamatinu var jákvæð og virðist vera að nemendur séu almennt ánægðir með kennslu í áföngunum. Um það bil 90-98% dagskólanemenda voru sammála fullyrðingunum sem settar eru fram í matinu. Fullyrðingin sem er hér á myndinni um virkni í kennslustundum er dæmigerð fyrir svörun dagskólanema.




Ríflega 90% dagskólanema nota minna en 4 klukkustundir á viku til að sinna náminu fyrir utan bundnar kennslustundir. Það rímar vel við verkefnatíma þar sem gert er ráð fyrir 3-4 verkefnatímum fyrir hvern áfanga.

### Fjarnemakönnun


Könnunin var send út á alla fjarnema í lok fyrri vörspannar. Þau sem svöruðu voru 204 af 670 sem fengu könnunina senda sem gerir um 31% svörun.

Nemendur eru ánægðir með uppsetningu og þjónustu sem þau fá í fjarnáminu. Nokkrar nýjar spurningar voru um Canvas appið og eru nemendur í fjarnámi ánægðir með námsvefinn Canvas. Um helmingur nemenda notar Canvas appið í síma.

Rúm 94% þykja fjarnám gott í ME og er það líkt og hefur verið í fjarnemakönnunum fyrri ára.



Vinnuálag er nokkuð mismunandi en flestir eru að nota 6-10 klukkustundar á viku í nám í hverjum áfanga.



Yfir 50% nemenda segjast velja ME í fjarnámi vegna spennakerfisins sem kemur vel út í allri svörun.


## Starfsmannakannanir

### Starfsmannapúlsinn

Starfsmannapúlsinn var lagður fyrir í mars 2023. Rannsóknin var aðkeypt meðal annars til að fá samanburð við aðrar stofnanir. Það svöruðu 41 af þeim 45 sem fengu könnunina senda, eða 91,1%.

Heildar niðurstöður eru frábærar fyrir ME og styðja aðrar niðurstöður sem fengust í vetur. Ávallt er þó eitthvað til að bæta.


## 1.1. Vinnuálag – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Vinnuálag er þáttur sem unnið hefur verið með síðustu ár og er ánægjulegt að sjá jákvæðar niðurstöður. Lækkun á milli árunna 2021-2022 voru 2 punktar og lækkum við aftur um 2 punkta frá 2022 til 2023. Þetta er afar ánægjulegt.


## 2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Ákaflega jákvætt að sjá skuldbindingu til vinnustaðarins háa. Helgun starfsmanna í starfi er afar eftirsóknarvert að hafa. Árið 2022 mældis ME 5,8 í skuldbindingu til vinnustaðarins og hækkum við um 4 punkta milli ára, upp í 6.2. Þetta eru frábærar niðurstöður.

### 3.1. Starfsandi – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Það hefur verið stöðug þróun uppávið síðustu 3 ár en dalar um 1 punkt á milli ára núna. Afar góður andi er á vinnustaðnum en þó eru áskoranir sem þarf að sinna.

Sá þáttur sem kom verst út í könnun var að einelti mældist við stofnunina, en ekki hefur verið tilkynnt um slíkt. Einnig mældis einelti hjá okkur á síðustu árum, en ekki tilkynnt. Mismunun í framkomu gagnvart eldra og yngra starfsfólki mældist einnig sem þarf að vinna með og fyrirbyggja frekari slæma þróun þar á.

### 3.6. Einelti (þú) – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir hvernig niðurstöður starfsmannahópsins breytast í samanburði við aðra vinnustaði frá frá ári til árs.

Lagt hefur verið fyrir félagslegt áhættumat, ferlar vegna eineltismála eru í skoðun og hvort stíga megi stærri skref varðandi tilkynningar til aðila utan stofnunar eða rafrænt. Unnið verður með samskipti á starfsdögum haustið 2023, með von um að hægt sé að uppræta þetta, þó það hafi ekki verið tilkynnt. Frekari áætlanir verða svo skoðaðar með forvarnir í huga.

Jafnréttisnefnd er meðvituð um að mismunun hafi mælst og í stofnun ársins (sjá niðurstöður í næsta kafla), mældist einnig kynbundið áreiti. Unnið verður að forvörnum á næsta skólaári meðal annars með samskiptanámskeiði og vonandi frekari fræðslu og æfingum í samstarfi við jafnréttisnefnd.


## Stofnun ársins

ME var valin stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana með 40-89 starfsmenn. Heildareinkunn ME eru 4,57 af 5 mögulegum, hækkaði um 5 punkta (úr 4.52). Ef heildarlisti allra stofnana er skoðaður er ME í 6. sæti og er jafnframt í 3. sæti yfir framhaldsskóla landsins. Niðurstöður úr „Stofnun ársins“ eru í takt við niðurstöður Starfsmannapúlsins, almennt mjög góðar niðurstöður að undnaskildum niðurstöðum um einelti sem mælist og kynbundið ofbeldi.

Mannauðsstjóri og skólameistari sátu fund með Gallup til að fara yfir niðurstöðurnar. Sá fundur var gagnlegur að því leitinu til að við vorum mikið spurð út í það hvernig við næðum svo góðum árangri. Þetta fékk okkur til að rýna líka góðu tölurnar ekki bara þær slæmu.

Hér fyrir neðan má sjá helstu niðurstöður og samanburð við aðra stofnanaflokka.

### Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Varðandi niðurstöður um einelti og kynbundið áreiti þá hafa þær verið kynntar fyrir öllu starfsfólki. Niðurstöður í stofnun ársins sýndu 3 aðila sem höfðu upplifað einelti á vinnustaðnum á síðustu 12 mánuðum. Þegar spurt var um einelti í starfsmannapúlsinum að vori var spurt um 6 mánuði aftur í tímann og var þá 1 aðili sem merkti við að hann hefði orðið fyrir einelti.

2 aðilar sögðust hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni í vinnunn eða á vinnutengdum atburðum á síðustu 12 mánuðum af hálfu samstarfsfólks.

## Nemendakönnun - Skólapúlsinn


Við framkvæmd nemendakönnunar vetrarins var ákveðið að fara sömu leið og árin á undan, þ.e. að taka þátt í Skólapúlsinum.

Markmið Skólapúlsins er að mæla þætti sem lúta að námsumhverfi, virkni í námi, líðan og auk þess gefst nemendum tækifæri til að svara opnum spurningum. Einn meginkostur þess að taka þátt í Skólapúlsinum er að skólanum gefst tækifæri til að bera sig saman við aðra framhaldsskóla á landinu. Það var aðalástæða þess að ákveðið var að taka þátt fjórða árið í röð.

Mannauðsstjóri sat vorkund Skólapúlsins og kom á framfæri hugmyndum IM um að mæla jafnrétti nemenda innan skólanna. Það var vel tekið í þá hugmynd og verður það unnið áfram. Einnig nefndi


hún að ME myndi mögulega falast eftir því að setja inn spurningar um heimavist, mótuneyti og etv. Nemendajónustu í haust.

### 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum – Ársmeðaltöl



Eins og hefur verið síðustu ár þá er viðhorf nemenda gagnvart skólanum jákvæðara en á landsvísi. Það dregur aðeins saman á milli ára en það er núna 8,6% munur sem er gott. Þetta er gott fyrir skólan þegar nemendur bera út boðskapinn um að ME sé góður skóli.


### 2.4. Fjarvera: Skróp í tíma – Ársmeðaltöl



Skróp í tímum hefur lækkað mikið á milli ára á meðan skróp hafa aukist á landsvísi. Þetta styður líka við þær niðurstöður að námsáhugi nemenda í ME hefur lítilllega aukist.




## 2.7. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku – Ársmeðaltöl




Formlegar skyldur hafa lækkað á milli ára á meðan meðaltal á landsvísu fer hækkandi. Nemendur svara líka að formlegar skyldur í launaðri vinnu lækka sem er jákvætt þar sem það er fullt starf að vera í dagskóla og því tólmundastarfi sem því fylgir.

## 3.2. Hamingja – Ársmeðaltöl




Hamingja nemenda eykst um 1,9% á milli ára og mælist marktækt hærri en á landsvísu eða 7,8% hærri. Jákvæð svörun þar sem mikilvægt er að nemendur séu hamingjusamir og líði vel í því sem þau eru að gera.

### 3.6. Kvíði – Ársmeðaltöl



Hér koma neikvæðar niðurstöður við svörun um kvíða nemenda. Kvíði hjá nemendum í ME eykst hækkar á milli ára um 7,2% og er kominn á jafnt miðað við meðaltal á landsvísu sem við höfum verið fyrir neðan síðustu ár. Þunglyndi minnkar líttilega og hamingja eykst þannig það er ekki alveg rauður þráður þarna.

### 3.10. Áreitni og ofbeldi – Ársmeðaltöl



Áhyggjuefni er hvað áreitni og ofbeldi hefur aukist. IM hópurinn skoðaði þetta betur með því að senda út Jarm seinna á skólaárinu þar sem niðurstöður voru ekki jafn slæmar. Nemendabjónustu og skólameistara var bent á þetta og þetta er hlutur sem við í ME þurfum að finna leiðir til að laga með nemendum.

Svör um einelti og vellíðan standa í stað og er það þó jákvætt miðað við neikvæða svörun um áreitni og ofbeldi. Við viljum vinna að því að auka vellíðan nemenda og þurrka út einelti þó langsótt sé.


Í lokin voru opnar spurningar þar sem nemendur fengu tækifæri að að tjá sig um hvað væri gott og hvað væri slæmt við skólann. Það sem stóð upp úr í hvað er gott við skólann var félagsstarfið, spannakerfið og kennararnir. Það sem kom helst fram með hvað væri slæmt var helst maturinn en það hefur komið fram í öðrum könnunum að nemendur er ánægðir með mótuneyti skólans.

## Jarmið

Jarmið (ME-púlsinn áður) eru mjög stuttar kannanir sem byggja á því sem er í gangi hverju sinni. Skólaárið 2022-2023 voru eftirfarandi málefni lögð fyrir; Ferðakönnun fyrir starfsmenn og könnun um ofbeldi og einelti fyrir nemendur. Þá var gerð ein stutt könnun í samstarfi við KME (Kennarafélag Menntaskólans) í tengslum við námsefnisgerð en fékk það ekki titilinn „Jarm“. Niðurstöðurnar voru nýttar til stuðnings ályktunar fyrir KÍ þing kennara.

### Nóvember jarmið – Ferðakönnun – Starfsmenn

Þar sem fyrirhugað var að fara í náms og kynnisferð að vori var lögð fyrir ferðakönnun til að kanna áhuga starfsmanna í samstarfi við ferðanefnd. Spurt hvort starfsmenn hefðu áhuga á því að fara í náms og kynnisferð til USA. Yfirgnæfandi meirihluti svaraði játandi.




Þá var spurt hversu margar nætur fólk vildi vera, hvaða tími hentaði best til að fara og hvort ætti að vera mögulegt að taka maka með. Þá var boðið uppá þann möguleika að koma gagnlegum ábendingum á framfæri. Ferðanefnd nýtti svo niðurstöðurnar við skipulag ferðarinnar, sem búið er að fara og tóks með miklum ágætum.


### Mars jarmið – Ofbeldi – Nemendur

Vegna niðurstaðna úr nemendakönnun Skólapúlsins sem var lögð fyrir haustið 2022 var ákveðið að endurtaka hluta af þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í Skólapúlsinum er snéru að einelti og ofbeldi. Settar voru upp 3 matrixu spurningar, 2 endurteknar úr skólapúlsinum með viðbættum frá IM nefnd um fordóma, en sú þriðja unnin í samstarfi við nemendapjónustu ME. Skemmst er frá því að segja að niðurstöður voru mun betri en að hausti, en engu að síður verk að vinna í málaflokknum.

Eftirfarandi niðurstöður eru samanburður á skólapúlsi haust 2022 (merkt 2022) og Jarmi sem IM lagði fyrir í mars 2023 (merkt 2023 í niðurstöðum). Fjöldi svara í skólapúlsi var 160 en í Jarmi 91. Notast var við fjölda svara í stað hlutfalls í niðurstöðum.




Í annari matrixu spurningunni var spurt „Hefur þú orðið fyrir eftirfarandi síðustu 2 mánuði í skólanum, á heimavistinni eða á viðburðum á vegum skólans? Niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður frá hausti 2022.



Síðasta spurningin var „Ef þú hefur orðið fyrir ofbeldi, hverjum sagðir þú frá?

## Ef þú hefur orðið fyrir ofbeldi, hverjum sagðir þú frá?



Niðurstöður okkar ríma við þær sem kynntar voru á ráðstefnu Stígamóta um efnið á skólaárinu.

Nemendapjónustan er meðvituð um niðurstöður þessara kannana og er unnið með niðurstöðurnar.

### Lykilmatsþættir


Á skólaárinu hófs vinna við gerð lykilmatsþátta sem hugmyndin er að aðstoði Innra matið við að halda utan um lykil tölur, þær nýttar til að setja markmið um framhaldið og gera stefnumiðun betri varðandi ýmsa þætti sem mældir eru. Mikil rannsóknarvinna fór fram, gögn sótt víðsvegar að með hugmyndafræði „KPI’s“ (Key Performance Indicators) að leiðarljósi. Hluti Innra matsins, Bergþóra, Elín Rán og Viðar unnu þætti áfram með aðkomu formenna nefnda og forsvarsaðila að ýmsum málaflokkum. Úr varð að nokkuð margir þættir voru að lokum valdi, með þrjá yfirkafla, mikið þættir sem þegar eru teknir saman en í þessari vinnu myndast tækifæri til að taka saman á einn stað. Draumurinn er svo að setja upp myndræna framsetningu

Eftirfarandi flokkar voru valdir


[Skólabragur og gildi í ME](#)

[Úr foreldrakönnun – kemur inn næst](#)

[Líðan – þættir úr skólapúlssi nemenda](#)




#### Hollusta gagnvart skólanum




#### Kennsla og nám nemenda

Þegar skoðaðar eru tölur um skólasókn dagskólanema og meðaleinkunn í áföngum skólans kemur fram nokkur fylgni þar á milli. Það gefur vísbendingar um að samhengi sé á milli mætinga í skólann og einkunna.




## Hlutfall nemenda sem standast áfanga



Á haustönn voru 1590 einstaklingar skráðir í áfanga í dagskólanámi og á vorönn 1348. Af þeim ná um það bil 90% að ljúka áföngum með fullnægjandi hætti, um 7% falla í áföngum og 3% segja sig úr áfanganum á námstímanum. Þetta er í samræmi við námsframvindu undanfarinna ára.



Nokkur munur er á námsframvindu milli dagskóla nema og fjarnema. Í fjarnámi voru 1050 nemendur skráðir á haustönn og 963 á vorönn. Af þeim eru 68% að ljúka áföngum með fullnægjandi hætti, 15% falla í áföngum, 7% segja sig úr áföngum og 10% mættu ekki eða skráðu sig úr áfanganum án þess að byrja. Meðaleinkunn fjarnema er 6,6 ef ekki er tekið með þegar nemendur fengu 0, þar sem þá hafa þau ekki gert neitt í áfanganum.




#### Formlegar skyldur í dæmigerðri viku






## Úr áfangamati



## Leiðsagnarmat




## Vinnustaðurinn ME og rekstur

Mjög mikilvægt er að halda uppi jákvæðum og góðum starfsanda í ME svo eftirsóknarvert sé að starfa við skólann. Mikið af mælingum tengdum starfsmannahaldi fara fram en hér á eftir eru nokkrir lykilþættir.


### Starfsandi

Almenn starfsánægja er í ME og menning þess eðlist að hjálpssemi og jákvætt andrúmlöft einkennir andann. Starfsandi mælist töluvert hærrí í stofnun ársins en í starfsmananpúlssi, en gott að er að hafa hugfast að ekki er um sömu spurningar að ræða í báðum könnunum.




#### Einelti

Einelti hefur því miður mælst í könnunum undanfarin ár en ekki hefur verið tilkynnt um slíkt. Stöðugt er unnið að því að bæta félagslegt vinnuumhverfi og reglulega minnst á eineltisáætlun og viðbragðsáætlun vegna þess. Unnið hefur verið í hópum til að greina þætti í menningu starfsmannahóps og rætt einslega við alla sem lokið hafa starfsmannasamtali. Unnið verður áfram að forvörnum, meðal annars með námskeiði um samskipti á starfsdögum haustsins.




#### Skuldbinding til vinnustaðarins

Skuldbinding til vinnustaðarins mælist há, sem er afar eftirsóknarvert. Rannsóknir sýna að fylgni er á milli skuldbindingar til vinnustaðar (helgun) og starfsmannaveltu.




#### Vinnuálag

Vinnuálag er töluvert í ME, en streitueinkenni ekki veruleg. Í myndinni má lesa út að því minni sem súlurnar eru í 2 fyrstu hópnum, því betra. Í streitueinkenna súlunum er gott að hafa þær sem hæstar. Því hærri, því minni streitueinkenni



#### Jafnrétti

Jafnrétti er mælt í stofnun ársins með nokkrum spurningum. Jákvæð þróun hefur verið síðustu ár í átt að meira jafnrétti í ME.




#### Mannauðsmælingar

Mikilvægt er að taka saman mannaúsmælingar af ýmsu tagi, fylgjast með hvað gengur vel og hvað má bæta og nýta gögnin til að grípa inn í ef ástæða er til.

#### Starfsmannavelta


Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall starfsmanna sem hættu störfum á árinu af meðalfjölda starfsmanna (starfsmenn í virku starfi með ótímabundna ráðningu á tímabilinu)



#### Þróun stöðugilda ár frá ári


Sveiflust skýrast að mestu á veikindum eða afleysingum tengdum veikindum

## Stöðugildi í ME - þróun síðustu ár



## Endurmenntun


Í öllum stofnanasamningum háskólamenntaðra við ME gildir ákveðið endurmenntunarkerfi þar sem safna þarf 50 stigum til að halda tímabundnu endurmenntunarþrepi á hverju ári. Mjög margir nýta sér þetta kerfi og skiptir mjög miklu máli svo skólinn megi vera í fremstu röð.



## Kostnaður – (Ath hjá Hrafnhildi)

### Markaðssetning og kynning

Kynning á skólanum skiptir miklu máli í skólastarfinu. Leitast er við að kynna skólann með margvíslegum hætti, opið hús er haldið fyrir nemendur og forráðafólk, farið í skólakynningar og auk þess fer fram fjölbreytt kynning á samfélagsmiðlum skólans. Hér er sýnt hversu stórt hlutfall nemenda af upptökusvæði skólans velur að koma í ME. Samkvæmt því er hlutfallið það sama síðastliðin 2 ár, eða 59%. Upptökusvæðið miðast við Austurland.



Umhverfismál – (Ath hjá Hrafnhildi)

## Lokaorð

Eins og áður hefur komið fram þá gekk starf IM vel í vetur. Bæði náðist að funda nokkuð þétt og jafnt yfir spönnina sem og að öll markmið nefndarinnar náðust. Vert er að tilgreina að vinna í hefja mælingar á lykilmatsþáttum skólans er hafin og verður það verkefni næsta vetrar og í framtíðinni auk annara verkefna sem IM hópurinn vinnur líkt og áður.

Allar kannanir sama hvort þær snúa að nemendum eða kennurum sýna að ME almenn ánægja er með starf skólans af hálfu nemenda. Þá sýna niðurstöður kannana að starfsandinn sé góður og fékk skólinn verðlaun sem Stofnun ársins 2022.

Eins og áður þá þakkar verkefnahópur innra mats nemendum, kennurum og stjórnendum samstarfið á skólaárinu. Með skilningi stjórnenda á mikilvægi þess að fylgja eftir því sem fram kemur í rannsóknum og þátttöku starfsmanna í könnunum teljum við að enn megi bæta gott starf sem unnið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Skýrsluhöfundar:

Viðar Örn Hafsteinsson

Elín Rán Björnsdóttir

Bergþóra Arnórsdóttir